

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1541*  
*komudagur 6.4.2006*



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06.04.2006

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál**

Í tillögunni felst að ríkisstjórnin láti kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Samtaka atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins eru sammála því undirliggjandi markmiði sem virðist búa að baki tillögunni að efla námsráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi og stuðla að því að skólakerfið sinni sem best þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað og þjálfað starfsfólk.

SA hafa á hinn bóginn efasemdir um að sú leið sem mælt er með í tillögunni sé raunhæf. Stafar það annars vegar af því að í raun er mjög erfitt að gera nákvæmar langtímaspár um þróun einstakra atvinnugreina og þörf þeirra fyrir mannafla skipt eftir tegund menntunar. Er alls óvíst að slíkar spár veiti nemendum betri upplýsingar heldur en þær ályktanir sem þeir geta sjálfir dregið af því að ráða hver og einn í atvinnumöguleika til framtíðar á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Hins vegar skýrast efasemdir SA af því sem réttilega endurspeglast í greinargerð með tillögunni að mikið skortir á að tölfræðilegar upplýsingar um vinnumarkaðarinn séu með þeim hætti sem æskilegt getur talist. Gildir það bæði um tímanlega og ítarlega greiningu eftir atvinnugreinum og störfum í fjölda starfandi, atvinnuþátttöku, vinnutíma, atvinnuleysi, þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði o.fl. sem og um launa- og kjaramál. Á meðan tölfræði um gildandi eða nýliðna stöðu á vinnumarkaði er með þeim hætti sem raun ber vitni, er viðleitni til að gera traustar framtíðarspár ekki vænleg til árangurs.

Flokkun Íslendinga eftir menntun liggur ekki fyrir í opinberum skráum og þar af leiðandi er ekki vitað hversu margir eða hátt hlutfall hvernar menntastéttar starfa í því fagi sem þeir hafa menntað sig til. Ætla mætti að slíkur gagnagrunnur sé forsenda þess að unnt sé að framreikna eftirspurn eftir tilteknum menntastéttum út frá áætlaðri þróun í atvinnulífi. Í þjóðskráum ýmissa landa, t.d. Danmerkur, er skráð formleg menntun hvers einasta einstaklings en svo háttar ekki til hér á landi og væri æskilegt að slík skráning yrði tekin upp.

Söfnun og úrvinnsla upplýsinga um vinnumarkaðinn er einkum í höndum Hagstofu Íslands, sem m.a. gerir ársfjórðungslega vinnumarkaðskönnun. Með samstarfssamningi við Kjararannsóknarnefnd hefur Hagstofan auk þess tekið að sér að vinna að öflun og úrvinnslu

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Neffang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

upplýsinga um laun, launakostnað, vinnutíma o.fl. með svipuðum hætti og Kjararannsóknarnefnd gerði áður og sjá til þess að slíkar upplýsingar nái til allra höfuðatvinnugreina og allra helstu starfsgreina á vinnumarkaði.

SA telja að málefni þessi séu í réttum farvegi hjá Hagstofu Íslands, en starfið þarf að efla verulega og sjá til þess að niðurstöður birtist mun fyrr en verið hefur ásamt því sem greining og sundurliðun verði í betra samræmi við þarfir atvinnulífsins og annarra notenda upplýsinganna. SA telja auk þess mjög brýnt að efla söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rekstur, afkomu og efnahag eftir atvinnugreinum, en þessi starfsemi er einnig í höndum Hagstofunnar. Telja SA að umbætur á tölfræðilegum upplýsingum um vinnumarkað og atvinnulíf séu forsenda bættrar framtíðarsýnar og hafi mikla þýðingu fyrir alla sem velta fyrir sér framtíðarþróun atvinnulífsins.

Í tillöggunni kemur ekki fram hvernig verkefnið sem þar er lýst skuli tengjast gildandi fyrirkomulagi um samráð menntamálayfirvalda við atvinnulífið, sbr. m.a. ákvæði um starfsgreinaráð fyrir allar helstu starfsgreinar eða starfsgreinaflokkka í 28. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Er nauðsynlegt að þeir sem stýra skólastofnunum taki eðlilegt tillit til þeirra upplýsinga sem þar koma fram um þarfir atvinnulífsins og ekki augljóst að miðstýrð áætlanagerð um þarfir atvinnulífsins muni reynast skólum og nemendum betur en þær vísbendingar sem fram koma á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is

